

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 699.

I.	Frá <i>Emil Jónssyni</i> . Við 13. gr. C. VIII. 11. (Hafnarfjörður). Fyrir „200 000“ kemur .....	250 000
II.	Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> . Við 13. gr. C. VIII. 29. (Vestmannaeyjar). Fyrir „200 000“ kemur .....	250 000
III.	Frá <i>Jörundi Brynjólfssyni</i> og <i>Eiriki Einarssyni</i> . Við 13. gr. C. IX. 7. (Eyrarbakki). Fyrir „15 000“ kemur .....	30 000
IV.	Frá <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> . Við 13. gr. C. IX. 16. (Lendingarbætur). Nýr liður: Hjarðardalur .....	20 000
V.	Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> , <i>Gylfa Þ. Gíslasyni</i> , <i>Kristínu Sigurðar- dóttur</i> og <i>Einari Olgeirssyni</i> . Við 14. gr. B. XX. Nýr liður: Til Hallgríms Helgasonar tónskálds, til að safna íslensk- um þjóðlögum og gefa þau út: a. Styrkur ..... 10 500 b. Ferðakostnaður ..... 2 000	12 500
VI.	Frá <i>Sigurði Ágústssyni</i> . Við 15. gr. A. VII. 12. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi). Fyrir „4 500“ kemur .....	10 000
VII.	Frá <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> . Við 15. gr. A. VII. 21. Nýr liður: Til bókasafnsins á Flateyri, byggingarstyrkur .....	10 000
VIII.	Frá <i>Haraldi Guðmundssyni</i> . Við 15. gr. A. XIV. 1. Nýr liður: Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur .....	25 000
	<i>Til vara</i> .....	20 000
IX.	Frá <i>Emil Jónssyni</i> . 1. Við 15. gr. A. XV. 3. (Tónlistarfélag Ísafjarðar). Nýr liður: Til tónlistarfélags Hafnarfjarðar .....	10 000
	2. Við 15. gr. B. VII. 2. (Sjómælingar, annar kostnaður). Fyrir „100 000“ kemur .....	200 000
X.	Frá <i>Jörundi Brynjólfssyni</i> og <i>Eiriki Einarssyni</i> . Við 16. gr. A. 14. Nýr liður: Til umbóta og þurrkunar ræktunarlanda Stokkseyringa .....	50 000
	<i>Til vara</i> .....	30 000
XI.	Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> . Við brtt. 699,21. (Við 20. gr. Út. VIII. — Flugvallagerðir). Fyrir „1 250 000“ kemur .....	1 800 000
	<i>Til vara</i> .....	1 500 000
XII.	Frá <i>Einari Olgeirssyni</i> , <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> , <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> og <i>Sigurði Bjarnasyni</i> . Við 22. gr. V. Nýr liður: Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk.	
XIII.	Frá <i>Sigurði Bjarnasyni</i> . Við 22. gr. VI. Nýr liður: Að greiða tryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 35% af iðgjöldum þeirra greiddum í sjóðinn á árunum 1939—1943, að báð- um árum meðtöldum, allt að 30 þús. kr.	

XIV. Frá *landbúnaðarráðherra*.

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að taka allt að 1½ millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.

Við 22. gr. X. Nýr liður:

a. Að gera ráðstafanir til að draga úr slyshættu við Reykjavíkflugvöll með því að láta fjarlægja loftskeytastengurnar á Melunum.

b. Að láta reisa vita og skýli fyrir sjóhrakta á Faxaskeri við Vestmannaeyjar.

XVI. Frá *Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Hannibal Valdimarssyni*.

Við 22. gr. XI. Nýr liður:

Að greiða til útvegsmanna og hlutarsjómannna á Vestfjörðum til jafns við framlög sveitarfélaga þar vegna mjög tilfinnanlegs aflabrests á vetrar- og vorvertíð 1950, en þetta er þriðja þorskvertíð í röð, sem hefur brugðizt við Djúp, allt að 150 þús. kr.